

Reykjavík, 06.09.2021

/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Vísað er til draga að reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem birt voru í samráðsgátt stjórnarráðsins, 20. ágúst 2021, sbr. mál nr. 154/2021. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga hennar, Carbfix ohf., Orku náttúrunnar ohf., og Veitna ohf. (hér eftir nefnd OR) við reglugerðardrögin.

Almennt

Heilt yfirfagnar OR framkomnum drögum að reglugerð og þeim efnistöfum sem í þeim er að finna. OR hefur lengi talað fyrir því að samþætta eigi ferla á þessu sviði sem og að auka þurfi skilvirkni. Það er því mikið fagnaðarefni að sjá þær áherslur verða að veruleika, bæði með nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, sem og þeim reglugerðardrögum sem nú liggja fyrir þar sem góðir möguleikar á samræmingu og samþættingu eru mótaðir. Það er umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til sérstaks hróss að drögin liggja nú fyrir svo skömmu eftir gildistöku nýrra laga.

Þó má benda á að í vissum efnum er ekki full ljóst hvernig útfærsla hinna nýju atriða á að vera í reynd, enda eftirlátið stjórnvöldum að móta þau frekar með leiðbeiningum um t.d. forsamráð og um viðfangsefni og tilhögun samþættrar málsmeðferðar en í báðum tilvikum er Skipulagsstofnun ætlað að gefa út leiðbeiningar um þessi efni. Ákveðin óvissa ríkir því enn um efnislegt inntak þessara þátta sem er vissulega miður. OR kallar hins vegar eftir því að vinna við mótun þeirra verði vönduð og að hagaðilum verði boðið að koma að borðinu til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri vegna mótunar þeirra. OR er reiðubúin í slíkt samtal og býður fram framlag fulltrúa sína sem eru margir hverjir sérfræðingar á þessu sviði.

Forsamráð og vinsun umhverfisþátta

Þá vill OR benda á að vinsun umhverfisþátta í umhverfismati er ekki nægilega skýr og að það mætti skilgreina betur í reglugerðardrögum hverju þarf að gera grein fyrir og hverju ekki. Það er t.d. mjög mikilvægt að í matsáætlun sé lögð rík áhersla á vinsun umhverfisþátta og að þar sé gerð grein fyrir forsendum vinsunar.

OR fagnar vissulega forsamráði sem 4. gr. reglugerðardraganna fjallar um enda skapast þar góður vettvangur til að ræða vinsun verkefna, efnistöf og tímalínur þeirra. Þó er það svo að efnistöf forsamráðs mættu vera skýrari – sér í lagi m.t.t. vinsunar umhverfisþátta. Þá mættu efnistöf og tímalínur forsamráðs vera dýpri og mun skýrari svo skýrt sé hvert

inntak þess á að vera. Þá er það ekki alveg skýrt hver það er sem getur farið fram á forsamráð, hvort hægt sé að krefjast þess, er það skylda og hvort og hvenær Skipulagsstofnun eigi að fallast á slíkt.

Það er tillaga OR að 1. ml. 4. gr. reglugerðardraganna verði breytt þannig að vinsun verði eitt þeirra atriða sem fjalla beri um í forsamráði. Málslíðurinn verði svohljóðandi (tillaga OR að viðbót er feitletruð):

*Við forsamráð samkvæmt 8. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana fjalla hlutaðeigandi aðilar eftir því sem við um tímaáætlanir, gagnaöflun, **vinsun umhverfisþátta**, skýrslugerð og tilhögun og tímasetningu kynningar og samráðs gagnvart umsagnaraðilum og almenningi og tengsl umhverfismats við leyfisveitingar.*

Framangreint nær einnig til efnistaka umhverfismatsskýrslu framkvæmdar sem 16. gr. reglugerðardraganna tekur til. OR telur mikilvægt að í skýrslunni þar sem fjallað er um umhverfismat framkvæmdar sé einnig fjallað um vinsun umhverfisþátta og forsendur þeirra. Leggur OR því til breytingar á ákvæðinu og að f. liður 3. tl. 16. gr. um umhverfismat framkvæmdar verði svohljóðandi (tillaga OR er feitletruð):

*f. lýsing á þeim þáttum umhverfisins, sbr. 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, í **samræmi við vinsun umhverfisþátta í samþykkttri matsáætlun** sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir og skal lýsingin ná til beinna áhrifa og óbeinna áhrifa, afleiddra áhrifa, samlegðaráhrifa, áhrifa yfir landamæri, skammtíma-, meðaltíma- og langtímaáhrifa og varanlegra og tímabundinna, jákvæðra og neikvæðra áhrifa af framkvæmdinni. Í lýsingunni skal taka tillit til viðeigandi umhverfisverndarmarkmiða á grundvelli annarrar löggjafar.*

Tímafrestir

Víða í reglugerðardrögunum er fjallað um tímafresti. Þó er í mörgum tilvikum óljóst hvað gerist séu þeir ekki virtir. Þegar um er að ræða tímafresti vegna umsagnargerðar er mikilvægt að stjórnvöld hafi svigrúm og heimild til að halda fram afgreiðslu mála, gefa út álit og eða taka ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna berist umsögn aðila ekki innan þess frests sem viðkomandi hefur verið gefinn sbr. það sem tilgreint er t.d. í 2. mgr. 21. gr. reglugerðardraganna varðandi heimild Skipulagsstofnunar til að gefa út álit á grundvelli fyrirliggjandi gagna berist umsögn ekki innan þess frests sem í greininni er afmarkaður. Með vísan til framangreinds er það tillaga OR að 13. gr. og 19. reglugerðardraganna verði breytt þannig að inn komi nýr lokamálsliður komi inn í báðar greinar sem verði svohljóðandi:

Berist ekki umsagnir frá umsagnaraðila innan þess frests sem að framan er tilgreindur skal Skipulagsstofnun líta sem svo á að viðkomandi aðili geri ekki athugasemdir og er stofnunin þá heimilt að halda afgreiðslu málsins áfram.

Þá er í mörgum tilvikum verið að rýmka tímafresti m.v. það sem nú gildir. Ætla má að það sé til að bregðast við þeirra stöðu að margir aðilar hafa ekki náð að virða þá tímafresti sem þeim eru afmarkaðir skv. eldra regluverki. OR telur mikilvægt að sú rýmkun leiði ekki til þess að sömu aðilar virði ekki nýja tímafresti og viðhaldi þeirri venju að skila eftir að þeim lýkur sem verður þá til þess að lengja málsmeðferð enn frekar.

Gagna- og samráðsgátt

Það er mikið framfaraskref að bjóða upp á gagna- og samráðsgátt um skipulag, umhverfismat og leyfisveitingar. OR hvetur Skipulagsstofnun til að tryggja að aðgangur að henni verði jafn aðgengileg og opin og t.d. Samráðsgátt stjórnarráðsins. Þá er

mikilvægt að bjóða upp á áskriftarþjónustu um mál sem skráð eru sem og að hægt verði að fylgjast með afgreiðslu mála á öllum stigum þeirra. Má sem dæmi nefna að Alþingisvefurinn er til fyrirmyndar hvað varðar aðgengi að afgreiðslu þingsins og hvernig framsetningu þeirra er hagað m.t.t. afgreiðslustiga innan þingsins, sem og hvenær erindi er formlega móttakið, hvenær stofnunin svarar, og að hægt verði að fylgja samskiptum og fleira í þessum dúr. Þarna gefast mikil og góð tækifæri til opinnar og gegnsærrar stjórnsýslu.

Kynning í dagblaði

Í 20. gr. reglugerðardraganna er fjallað um kynningu á álitum Skipulagsstofnunar sem skuli birta í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Mikil þróun hefur átt sér stað á fjölmiðla- markaði á sl. árum og áskrifendum og lesendum prentmiðla hefur farið fækkandi með ári hverju. Á meðan hefur fjölbreyttara form fjölmiðlunar öðlast ríkara hlutverk héraðs s.s. vefmiðlar, sjónvarpsmiðlar og aðrir slíkir miðlar. Þá eru dagblöð gefin út á landsvísu teljandi á fingrum annarrar handar og ætla má að lesendur þeirra séu töluvert færri en margra vefmiðla til að mynda. Skýtur það því skökku við að gera þá kröfu til birtingar álitis að það sé birt í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Eðlilegt væri að orðalagið væri opið og tæki mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði. Er það því tillaga OR að hugtakið dagblað í 2. mál. 20. gr. falli brott og að ákvæðið verði þess í stað svohljóðandi (tillaga OR að breytingu er feitletruð):

*Almenningur skal eiga greiðan aðgang að álitum Skipulagsstofnunar og umhverfismatskýrslu og skal stofnunin innan viku frá því að álitid lá fyrir auglýsa í **fjölmiðli sem er aðgengilegur á öllu landinu** sem gefið er út á landsvísu að álitid og umhverfismatskýrslan liggja fyrir.*

Hér að framan hefur OR gert grein fyrir athugasemdum sínum við framkomin drög að reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Vakni spurningar eða óski umhverfis- og auðlindaráðuneytið frekari upplýsinga veitir undirrituð fúslega frekari upplýsingar.

Virðingarfyllt,



Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður